

Sæmundur Valdimarsson hjá verkum sínum á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Ljósm. Mbl./KEE.

Kjarvalsstaðir:

Verk Sæmundar Valdimarssonar úr steinum og rekavið

SÆMUNDUR Valdimarsson, listamaður, opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum kl. 14.00 í dag. Verkin, sem eru 18 talsins, hefur Sæmundur unnið úr rekavið og steinum á síðastliðnum tíu árum.

Sæmundur er fæddur á Krossi á Barðaströnd 2. ágúst 1918 og bjó hann þar til ársins 1948 er hann fluttist til Reykjavíkur. Hann starfaði lengi jafnt til sjós og lands og síðustu 30 árin hefur hann unnið í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Um 1970 hóf Sæmundur að setja saman myndir úr steinum og rekavið og fjórum árum síðar sýndi hann verk sín á alþýðulistarsýningu í Gallerí SÚM. Um svipað leyti hóf hann að gera höggmyndir úr rekavið og sýndi tvær slíkar myndir á Kjarvalsstöðum 1982. Fyrstu einkasýningu sína hélt Sæmundur sl. haust, þegar nýr matsalur var tekinn í notkun í Áburðarverksmiðjunni.

Talía:

„Aðlaðandi er veröldin ánægð“


TALÍA, leiklistarsvið Menntaskólans við Sund, sýnir um þessar mundir gamanleik Antons Helga Jónssonar „Aðlaðandi er veröldin ánægð“. Leikritið skrifaði Anton Helgi í samvinnu við leikhópinn og leikstjórann, Hlín Agnarsdóttur. Verður næsta sýning í kvöld í MS.

Talía hefur áður unnið undir stjórn Hlínar Agnarsdóttur, en hún leikstýrði uppfærslu hópsins á Galdra-Lofti á liðnum vetri. Sýningum á „Aðlaðandi er veröldin ánægð“ fer nú fækkandi, en auk sýningarinnar í kvöld verður leikritið sýnt á morgun, sunnudag og á mánudagskvöld.

„Vorkonur“ Alþýðuleikhússins:

„Undir teppinu hennar ömmu“

— nýtt verk eftir Nínu Björk Árnadóttur



Inga Bjarnason og Nína Björk Árnadóttir glaðbeittar úti í vorinu sem er að koma. Ljósmynd Mbl./KÖE.

„Vorkonur“ Alþýðuleikhússins frumsýna nýtt verk, „Undir teppinu hennar ömmu“, eftir Nínu Björk Árnadóttur, á Hótel Loftleiðum þriðjudaginn 20. mars. Þetta er fjórða frumsýning Alþýðuleikhússins í vetur en leikhúsið hefur starfað á þremur stöðum í bænum auk þess sem ferðast hefur verið með eina sýningu í skóla. Hópurinn Vorkonur var stofnaður síðastliðið vor og skrifaði Nína Björk verkið í sumar, sérstaklega fyrir hópinn.

„Þetta er þrískipt leikhúsverk,“ sagði Nína Björk á blaðamannafundi sem Vorkonur boðuðu til í tilefni frumsýningarinnar. „Inngangurinn er eintal konu úr fortíðinni, síðan hefst einþáttungur um konur dagsins í dag og verkið endar á ljóðaflokki sem allur er eintal kvenna eða samtöl tveggja kvenna.“

En hversvegna aðeins konur? Inga Bjarnason, sem er fremst í flokki Vorkvenna og jafnframt leikstjóri verksins, svarar því: „Meirihluti leikrita er skrifaður af karlmönnum og 80% hlutverka í leikritum eru skrifuð fyrir karlmenn. Þessvegna langaði mig að gera þessa tilraun, setja upp leikrit eftir konu og leikið af konum, til að sjá hvernig kona upplifir sjálfa sig, tilveru sína og aðrar konur. Því þó karlmenn skrifi vel fyrir konur þá eru hlutverkin samt sem áður alltaf túlkun karlmanns á konu.“

Vorkonurnar sem taka þátt í sýningunni eru Kristín Bjarnadóttir, Sigurjóna Sverrisdóttir, Sigurveig Jónsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Anna Einarsdóttir, Margrét Ákadóttir og Sólveg Haldórsdóttir. Karlraddir af böndum túlka Hákon Leifsson, Guðmundur Ólafsson og Þórhallur Sigurðsson. Tónlist við leikverkið samdi Mist Þorkelsdóttir, leikmynd og búninga hannaði Guðrún Svava Svavarsdóttir og lýsingu annast Árni Baldvinsson.

Sóladu þig í Hafnarstræti

GAUKSI

VIÐ HJÁ SÓLBAÐSTOFUNNI **SÆLAN** í Ingólfsstræti tókum okkur til og fluttum okkur um set, í nýtt og glæsilegt húsnæði Hafnarstræti 7, 2 hæð. Að auki breyttum við nafninu **SÆLAN** í **SÓL og SÆLU**. Við hjá **SÓL og SÆLU** munum reyna að bjóða sömu góðu þjónustuna og áður, takmarkið er:

Meira rými
Aukin þægindi
Ánægjuleg viðskipti.



Sól og Sæla
SÓLBAÐSSTOFAN
Hafnarstræti 7 - 2. hæð - sími 10256

Sjálfstæðisfélagið Njarðvíkingur 30 ára

SJÁLFSTÆÐISFÉLAGIÐ Njarðvíkingur er 30 ára um þessar mundir. Hinn 8. febrúar 1954 komu átta menn saman á fund og ákváðu að stofna félag sjálfstæðismanna í Njarðvíkum. Stofnfundurinn var haldinn 7. mars sama ár, en þá hafði 161 maður skráð sig í félagið. Þennan dag var félagið formlega stofnað og lög voru samþykkt.

Fyrsti formaður og helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Karvel Ögmundsson.

Félagar Njarðvíkings eru nú um 250 manns, en félag ungra sjálfstæðismanna er nú einnig starfandi í bænum.

Þessara tímamóta verður minnst í húsi félagsins á morgun, sunnudag, og hefst kaffisamsæti þar kl. 15. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að á boðstólum verði vandaðar veitingar og sitthvað til skemmtunar. Þar segir og að félagar og allt stuðningsfólk sé hvatt til að sækja afmælishófið.

Héraðsbókasafn Borgarfjarðar:

35 þúsund útlán á árinu 1983

Borgarnesi, 15. mars.

ÚR HÉRAÐSBÓKASAFNI Borgarfjarðar voru á síðastliðnu ári lánaðar rúmlega 35 þúsund bækur, sem samsvarar 16,72 bindum á íbúa þeirra hreppa héraðsins sem í safninu eru. Er þetta hlutfall með því allra hæsta sem gerist á landinu.

Í ársskýrslu Héraðsbókasafnsins fyrir árið 1983 sem nýlega kom út kemur einnig fram að bókaeign safnsins í árslok var 21.563 bækur og hafði fjölgað um 761 bók á árinu, þar af voru 368 bækur gefnar safninu.

Stærstu bókagjöfina færði Ragnar Pálsson í Árbæ í Álftaneshreppi safninu, 326 bækur. Skráðir lánþegar í safnið eru 586 og á síðasta ári komu lánþegar alls 8.970 sinnum í safnið. Í skýrslu Bjarna Bachmann safnvarðar kemur einnig fram að mikið er um fyrirspurnir og fyrirgreiðslu við ýmsa aðila og sérstaklega hefur fyrirgreiðsla við skóla aukist á undanförnum árum.

Héraðsbókasafnið er í Safnahúsinu í Borgarnesi ásamt skjalasafni, byggðasafni, náttúrugripasafni og listasafni. Unnið hefur verið að undirbúningi byggingar nýs safnahúss og er hönnunarvinnu nú lokið að mestu. Í skýrslu bygginga- og samráðsnefndar safnahúss segir m.a.: „Bygging safnahúss mun taka langan tíma, og í ljósi þess, að söfnin búa nú þegar við of lítið húsrými og hafa þess vegna enga vaxtarmöguleika er brýnt að hefja byggingarframkvæmdir hið fyrsta, enda er alkunna, að hálfnað er verk þá hafið er.“

— HBj.